

AUGLÝSING
um breytingu á gjaldskrá fyrir hreinsun
rotþróa í Kjósarhreppi, nr. 1166/2010.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Rotþróargjald skal vera kr. 10.500 sem er árlegt gjald fyrir hvert íbúðarhús, sumarhús og annað húsnæði sem skylt er að tengja við rotþró. Rotþró skal hreinsuð og losuð á þriggja ára fresti og miðast álagt gjald við að kostnaður við hverja hreinsun og losun sé kr. 31.500. Vegna umbeðinnar aukahreinsunar og losunar rotþróar er innheimt sérstakt gjald sem nemur kr. 31.500.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Kjósarhrepps 14. desember 2017, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs tekur gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Kjósarhreppi, 1. febrúar 2018.

Guðný G. Ívarsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. febrúar 2018